

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 684/2008, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. gr. reglnanna:

Í stað orðanna „17. gr. og 17. gr. a til 17. gr. e“ komi: 17. gr. og 17. gr. a til 17. gr. g.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 5. gr. reglnanna:

Við 5. gr. reglnanna bætist ný málsgrein, þriðja málsgrein:

Fyrirtæki sem tilkynnir samruna skv. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 skal greiða samrunagjald. Gjaldið nemur 250.000 krónum fyrir hverja samrunatilkynningu. Gjaldið greiðist inn á reikning Ríkissjóðs Íslands.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 6. gr. reglnanna:

6. gr. reglnanna orðist svo:

Í tilkynningu um samruna skal veita upplýsingar um hann, þau fyrirtæki sem honum tengjast, um viðkomandi markaði og um önnur nauðsynleg atriði við athugun á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Í tilkynningu um samruna skulu vera þær upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir í skrá um upplýsingar í viðauka I við reglur þessar (samrunaskrá). Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi og skal samrunagjald hafa verið greitt. Skrifleg tilkynning skal afhent Samkeppniseftirlitinu.

Samkeppniseftirlitið skal senda viðkomandi aðilum skriflega staðfestingu á því að stofnuninni hafi borist tilkynning.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglnanna:

Í stað orðanna „17. gr. a til 17. gr. e“ í 5. mgr. komi: 17. gr. a til 17. gr. g.

#### 5. gr.

Við VI. kafla í viðauka I, skrá yfir upplýsingar sem skulu koma fram í tilkynningu um samruna, bætist nýr liður:

5.5. afrit af greiðslukvittun vegna samrunagjalds skv. 5. gr.

#### 6. gr.

Við viðauka II, skrá yfir upplýsingar sem skulu koma fram í styttri tilkynningu um samruna, í bætist nýr stafliður við upptalningu:

e) Afrit af greiðslukvittun vegna samrunagjalds skv. 5. gr.

#### 7. gr.

Reglur þessar, sem eru settar með stoð í 2. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

*Samkeppniseftirlitinu, 16. september 2011.*

**Páll Gunnar Pálsson.**